

Ný lánshæfiseinkunn OR

Breyttur einkunnaskali

Ný einkunn Orkuveitu Reykjavíkur

Vegna breytinga á einkunnaskala Reitunar hefur Orkuveita Reykjavíkur fengið lánshæfiseinkunnina i.BBB1. Þessi einkunnabreyting er ekki tengd breytingu á lánshæfi.

Breyttur einkunnaskali

Lánshæfismatsfyrirtækið Reitun hefur ákveðið að breyta einkunnaskala sínum í átt til þess sem þekktist á alþjóðlegum markaði þar sem besta einkunn er AAA. Frá stofnun Reitunar árið 2010 hefur fyrirtækið notað 12 einkunnir á skalanum A+ til D-. Útgefendur og fjárfestar hafa óskað eftir því að Reitun færi einkunnagjöf sína nær því sem almennt tíðkast á alþjóðlegum markaði. Reitun hefur ákveðið að verða við þeirri beiðni og breyta einkunnaskalanum til þess að hann verði sambærilegur erlendum skólum og auðskiljanlegur bæði fyrir innlenda og erlenda fjárfesta.

Reitun hefur einnig lagt aukna áherslu á að lánshæfismöt fyrirtækja byggist á innlendum samanburði og áhættu út frá sjónarhorni fjárfesta á innlendum mörkuðum. Áhættuþættir sem áhrif hafa á öll fyrirtæki í sama mæli, hafa því engin áhrif á innlent lánshæfismat.

Ný einkunnaskali Reitunar er á bilinu i.AAA til i.D. Síðasta einkunnin er aðeins notuð fyrir útgefendur sem komnir eru í greiðsluþrot. Einkunnir Reitunar meta einungis lánshæfi útgefenda á innlendum markaði í íslenskum krónum og er því stafnum i með punkti á eftir (i.) bætt við einkunnina eins og sést á myndunum hér til hliðar.

Efri myndin sýnir hvaða einkunnabil í nýja skalanum samsvarar einkunn úr eldri skalanum. Ríkissjóður fær sjálfkrafa einkunnina i.AAA þar sem Reitun álitur hann besta innlenda útgefandann í krónum. Aðrir útgefendur fá einkunnir þar fyrir neðan eftir því hver lánsáhættan er í samanburði við ríkissjóð. Einkunnir endurspeglar líkur á greiðslufalli og lakari væntar endurheimtur að gefnu greiðslufalli. Lægri einkunn þýðir hærra líkur á greiðslufalli eða verri endurheimtur fara stighækkandi eftir því sem neðar er farið í einkunnaskalann.

Almennt gilda sömu meginreglur um að einkunnin i.BBB og þar fyrir ofan tákna þann flokk sem er traustur og fellur undir fjárfestingaflokk. Útgefendur með einkunnir þar fyrir neðan eru áhættusamari en almennt þó metnir fjárfestingarhæfir þar til komið er neðarlega í einkunnaskalann þar sem greiðslufallslíkur eru orðnar verulegar.

Einkunnaskali Reitunar	
Eldri	Nýr
A+	i.AAA
A	i.AA1
	i.AA2
	i.AA3
A-	i.A1
	i.A2
	i.A3
B+	i.BBB1
B	i.BBB2
	i.BBB3
	B-
C+	i.BB2
	i.BB3
C	i.B1
	i.B2
C-	i.B3
D+	i.CCC1
	i.CCC2
D	i.CCC3
	i.CC
	i.C
D-	i.D

Breyting á einkunn	
Eldri var	Ný verður
A+	i.AAA
A	i.AA2
A-	i.A2
B+	i.BBB1
B	i.BBB2
B-	i.BB1
C+	i.BB2
C	i.B1
C-	i.B3
D+	i.CCC1
D	i.CCC2
D-	i.CC
	i.D